


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	Heilbrigðisfræði Fjarnám HBFR1HH05 Námsáætlun vorönn 2018	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	María Albína Tryggvadóttir (maria@vma.is).	Sk.st.	MAL
----------------	--	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er heilbrigðishugtakið skilgreint. Lögð er áhersla á hlutverk og sögulega þróun heilbrigðisfræði og áhrif hennar á nútíma heilbrigðismál. Fjallað er um helstu heilbrigðisvandamál í nútíma samfélagi og forvarnir gegn þeim. Fjallað er um skipulag heilbrigðisþjónustunnar og helstu stofnanir, sem móta stefnu í forvörnum, heilsuefningu og heilbrigðisfræðslu. Einnig er fjallað um smitsjúkdómavarnir, kynsjúkdómavarnir, tóbaksvarnir, áfengis- og vímuefnavarnir, geðvernd, beinvernd og mæðra- og ungbamavernd. Fjallað er um umhverfisheilbrigðisfræði og tengsl mengunar og sjúkdóma skoðuð ásamt helstu mengunarvörnum. Áhersla er lögð á forvarmarstarf gegn sjúkdómum og slysum, áhættuþætti sem þeim tengjast og hvernig einstaklingar geta haft áhrif á eigið heilbrigði.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- heilbrigðishugtakinu
- sögulegri þróun heilbrigðisfræði og áhrifum á heilbrigðismál
- helstu heilbrigðisvandamálum í nútíma samfélagi og forvörnum gegn þeim
- uppbyggingu og skipulagi heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi
- aðferðum og aðgerðum sem stuðla að heilsuefningu og forvörnum sjúkdóma
- ábyrgð einstaklingsins á eigin heilsu
- helstu umhverfispáttum sem ógnað geta heilbrigði

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lýsa uppbyggingu og skipulagi heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi
- afla á fjölbreyttan hátt þekkingar um aðgerðir og aðferðir sem stuðla að slysavörnum, heilsuefningu og forvörnum sjúkdóma
- sýna í verki að hann tekur ábyrgð á eigin heilsu
- gera grein fyrir umhverfispáttum sem geta ógnað heilbrigði manna


Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útskýra heilbrigðishugtakið út frá mismunandi menningarheimum
- greina samspil lífsstíls og heilsu
- greina eigin lífsstíl og áhættuþætti tengda honum
- álykta um áhrif heilbrigðisfræðinnar á þróun heilbrigðismála í nútímanum
- miðla á skapandi hátt upplýsingum um helstu heilbrigðisvandamál og forvarnir þeirra.

Námsgögn:

Líf og heilsa. Höf.: Else Kari Bjerva, Reidum Haugen og Sigrid Stordal. Þýdd af Elísabetu Gunnarsdóttur. 1. útgáfa 2003.

E.t.v. greinar settar á Moodle.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		
Heilbrigðisfræði Fjarnám HBFR1HH05 Námsáætlun vorönn 2018		

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni
1.lota	Kynning og námsáætlun. Kafli 1 til 6.	Verkefni unnin í hverri viku.
2. lota	Kafli 7, 8, 13, 17, 19, 20.	Verkefni unnin í hverri viku.
Verkefni	Kynning/Fræðsla: hver nemandi fær úthlutuðum einum kafla úr bókinni (sem ekki er farið í í 1. eða 2. lotu) til að vinna með. Skilað í 2. lotu. Heilsufarsmat og markmið: Skila í 1. lotu. Skýrsla: heilsufarsmarkmið metin með rökum, skilað í enda 2. lotu.	

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Skrifleg verkefni	Skrifleg vikuleg verkefni á Moodle úr kennslubókinni	20 %	
Kynning/Fræðsla	Fræðsla eða kynning á efni úr einum kafla bókarinnar	10 %	
Heilsufarsmat og markmiðssetning	Nemandi metur andlega, félagslega og líkamlega heilsu hjá sér og setur sér heilsufarsmarkmið	7 %	
Skýrsla	Endurmat á markmiðum	3 %	
Lokapróf	Skriflegt próf í lok annar	60 %	
		Samtals:	100%

Annað: Til að ljúka áfanganum þarf að ná 40% árangri út úr lokaprófi.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á námsáætlun.

Dagsetning: 18.1.18

Maria T.
Undirritun kennara

Inga B. Ólafsd.
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils